

## Íbúasamtökin Átak Fundargerð

Fundur 17. febrúar 2021 kl.19:30

Pingeyri

Mætt: Guðrún, Wouter og Hafsteinn fh. íbúasamtakanna.

Agnes fh. ÖVD og Valdís fh. Blábankans.

Arna Lára á Zoom sem tengiliður Ísafjarðarbæjar.

Dagskrá:

1. Farið yfir mál rædd á síðasta fundi

2. Yfirlit frá tengiliðum Ísafjarðarbæjar um helstu mál á döfinni

- Tengiliður Ísafjarðarbæjar sendir frekari upplýsingar um nokkur mál og sendir svar frá bæjarritara á tölvupósti. Varðandi hreystitæki: Er möguleiki á að kaupa tæki frá Póllandi sem gætu staðið hvar sem er? Er fé til að klára bæði göngustígana og setja upp hreystitæki? Verður tekið fyrir á fundi við bæjarstjóra og bæjarritara 24. febrúar.
- Tengiliður Ísafjarðarbæjar í Íbúasamtökunum mun óska eftir stöðu vinnu við aðalskipulag og upplýsingum um hvenær samráð við íbúa er fyrirhugað.
- Íbúasamtökin munu safna saman upplýsingum um slátt og sumarblóm o.fl., m.a. á einum af opnum fundum Átaks, sbr. ósk þar um frá Ísafjarðarbæ..
- Óskað verður frekari upplýsinga um fé til lengri opunar Byggðasafnsins Vélsmiðjunnar GJS, sem minnst er á í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar.

3. Íbúasamtökunum barst erindi varðandi Gramsverslun, græn svæði, umferðapunga ofl.

Samþykkt var að senda erindið til bæjarstjóra og bæjarritara.

4. Erindi barst á opnu húsi Íbúasamtakanna varðandi tiltekt í bænum. Íbúar hvattir til að hjálpast að, til dæmis á Grænni viku þar sem kemur gámur fyrir garðúrgang og annað, göturnar hjálpast að, og grill að lokum. Íbúasamtökin munu funda um málið og kynna hugmyndir í Grænni viku fyrir Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar

5. Önnur mál

Upplýst var að ný stjórn þarf að taka afstöðu til stjórnarsetu í Blábankanum. Ákveðið var að taka erindið fyrir á næsta fundi.

Upplýst var að stjórn þarf að taka afstöðu til stjórnarsetu í Brothættum Byggðum. Ákveðið var að taka erindið fyrir á næsta fundi.

Rætt um snjómokstur, hver ber ábyrgðina og metur stöðuna og þarfir. Einnig var rætt um villandi upplýsingar um færð og ástand vega á svæðinu á vegagerdin.is. Fram kom að bætt upplýsingagjöf er í vinnslu og leitað verði nánari upplýsinga fyrir næsta fund Íbúasamtakanna.

Fundi slitið kl. 20:45

Fundarritari: Valdís Eva Hjaltadóttir